



## Aðalfundur Mercedes-Benz klúbbs Íslands 2019

22. október 2019

Fundarstaður: Icelandair Hotel Natura – salur 7

Fundur hófst kl. 19:30

Dagskrá:

- |                                   |        |
|-----------------------------------|--------|
| 1. Kosning fundarstjóra og ritara | bls. 1 |
| 2. Skýrsla stjórnar               | bls. 1 |
| 3. Reikningar lagðir fram         | bls. 2 |
| 4. Kosning í stjórn               | bls. 2 |
| 5. Önnur mál                      | bls. 3 |
| Viðauki: Skýrsla stjórnar MBKÍ    | bls. 4 |

### 1. Kosning fundarstjóra og ritara: (19:38)

Benedikt Hans Rúnarsson, formaður MBKÍ, bauð félagsmenn velkomna á fundinn og renndi hratt yfir dagskrá fundarins. Fyrsti liður á dagskrá er kosning fundarstjóra og ritara. Stjórn MBKÍ óskaði eftir því að Jón Birgir Valsson tæki að sér fundarstjórn og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri: Jón Birgir Valsson

Jón Birgir tók við stjórn fundarins og þakkaði fyrir traustið sem honum var sýnt.

Þar sem enginn hafði boðið sig fram í ritara aðalfundar var óskað eftir framboði og var Reynir Ari Þórsson kosinn.

Fundarritari: Reynir Ari Þórsson

### 2. Skýrsla stjórnar (19:42)

Fundarstjóri boðaði formann til þess að fara yfir skýrslu stjórnar.

Formaður fór yfir skýrsluna og fjallaði m.a. um:

- Stjórnarfundir (4 formlegir haldnir)
- Að gjaldkerinn hætti snemma á tímabilinu, formaður og vara-formaður tóku við.
- Innheimtu félagsgjalda, innheimt hefði verið seinna en til stóð.
- Tölublöð Classic Magazine og nýjar reglu. Fyrsta tölublaðið (Classic) barst ekki.
- Formaður fór í formannaferð til Stuttgart.
- Gerður var sérstakur samningur við Daimler AG um að vera „official“ klúbbur ásamt því að gerður var persónuverndarsamningur.
- Á þessu ári voru 205 greiðandi félagsmenn
- Hittingar voru við Perluna, ágæt mæting í sumarsólinni.
- Sjá nánar í skýrslu stjórnar í viðhengi við aðalfundargerð (bls. 4 til 5).

Umræður um skýrslu stjórnar:

- Engar athugasemdir eða umræður



### 3. Reikningar lagðir fram (20:06)

Fundarstjóri boðaði varaformann, Aron Matthíasson, til þess að fara yfir reikninga félagsins.

Fram kom að hagnaður er um 165.000,- kr.

Eigið fé um 1.300.000,- kr.

*Umræður um reikninga:*

- Engar athugasemdir eða umræður

Reikningar voru samþykktir á fundinum.

### 4. Kosning í stjórn (20:14)

Fundarstjóri kynnti þá aðila sem væru í framboði til stjórnar MBKÍ 2019-2020. Eftirtaldir voru í framboði og enginn mótframbjóðandi.

Í framboði voru:

Aron Matthíasson, sem formaður

Jón Birgir Valsson, sem vara-formaður

Benedikt Hans Rúnarsson, sem gjaldkeri

Áslaug Dóra Svanbjörnsdóttir, sem meðstjórnandi

Ekki voru fleiri í formlegu framboði en Aníta Lára hafði tilkynnt um að hún vildi áfram taka þátt í stjórn, ef enginn annar byði sig fram, en gæti ekki sinnt verkefnum fyrir klúbbinn fyrr en á nýju ári. Engin mótframboð komu og var hún því kosin.

Aníta Lára Ólafsdóttir, sem ritari

Þá vantaði einnig framboð sem varamann, enginn hafði boðið sig fram og því bauð Hlynur Stefánsson sig fram á fundinum og var kosinn.

Hlynur Stefánsson, varamaður í stjórn.

Allir voru samþykktir samhljóða með lófaklappi á fundinum.

### 5. Önnur mál (20:35)

Fundarstjóri bauð fundargestum að spyrja um hvað sem er er tengdist klúbbnum.

- Benedikt bað um orðið og ræddi um fjölda meðlima m.v. það sem þekktist hjá systurklúbbum erlendis. Sumir er mjög stórir en þó nokkrir eru mun minni en okkar klúbbur þrátt fyrir miklu fleiri íbúa. Þykir systurklúbbunum okkar áhugavert að sjá hvað það eru margir félagsmenn á Íslandi, og það jafnvel án þess að vitnað sé í höfðatölu.
- Ekki tóku fleiri aðilar til máls.

### 6. Fundarlok

Aron, nýr formaður MBKÍ, tók við og ræddi um að stefna sín væri að fara „back to basics“ – ekki breyta um of frá því sem við þekkjum því að það væri það sem virkaði augljóslega best.



Fundinum væri nú lokið og öllum fundargestum væri boðið upp á léttar veitingar í boði klúbbsins.

Nýr formaður sleit fundi um kl. 20:40.



## VIÐAUKI: Skýrsla stjórnar Mercedes-Benz klúbbs Íslands fyrir starfsárið 2019.

- Á tímabilinu voru haldnir 4 formlegir fundir stjórnar. Einnig voru sérstakir vinnufundir haldnir s.s. vegna dreifingu fréttabréfs og félagsskírteina. Formaður og vara-formaður sátu flesta þessa fundi. Stjórnin hefur einnig nýtt sér sérstakan Facebook hóp til að sinna samskiptum sín á milli og hefur það reynst vel
- Um lok fyrsta ársfjórðungs tilkynnti gjaldkeri okkar um afsögn sína vegna anna við eigin rekstur. Er honum þakkað kærlega fyrir viðleitnina sem og það frábæra starf sem hann hefur sinnt fyrir klúbbinn í gegnum tíðina. Stjórn ákvað að formaður og vara-formaður skyldu fá prókúruheimildir og sinna hlutverki gjaldkera fram að næstu kosningu.
- Eins og kom fram í síðasta fréttabréfi þá áttum við í basli með félagaskrána. Innheimta félagsgjalda fór alltof seint af stað og tryggja þarf að slíkt gerist ekki á næsta ári.
- Fyrsta tölublaðið af Classic Magazine barst ekki félagsmönnum. Búið var að margreyna að sjá hvort við gætum ekki fengið tölublaðið sent en var ítrekað tjáð að slíkt væri ekki framkvæmanlegt. Á forsetafundi nú í Stuttgart fengum við þó þær fréttir að þetta gæti verið mögulegt en við þyrftum þá að kaupa eintökin sérstaklega fyrir alla félagsmenn.
- Gerður var nýr samningur við DAIMLER AG um heimild klúbbsins til að vera “Official Mercedes-Benz Brand Club”. Megum nota vörumerkin bæði á íslensku og ensku sem Mercedes-Benz klúbbur Íslands og Mercedes-Benz Club Iceland.
- Gerður var vinnslusamningur við DAIMLER AG um vinnslu persónuupplýsinga vegna skráningu félagsmanna í MBKÍ í gagnagrunn Daimler AG. Félagsmenn eru skráðir í ClubCloud hjá Daimler og notar Daimler gögnin svo til þess að geta prentað út ClubCard kortin og sent félagsmönnum Classic Magazine.
- Fjöldi félagsmanna er svipaður og á síðasta tímabili eða 205 (fækkar um 5 milli ára). Nokkrir ákváðu að hætta þar sem Classic Magazine og ClubCard kortið kom ekki tímanlega. Aukning varð svo aftur í haust þegar sértilboð komu frá Öskju, þar af þó nokkrir nýir meðlimir.
- Haldnir voru viðburðir við Perluna í sumar, 29. apríl, 27. maí, 1. júlí, 1. sept. og 30. sept. Fengum við Ísbíllinn í heimsókn á nokkra af viðburðum. Þann 30. buðum við í kaffi í Perlunni. Sumargrillið var haldið þann 7. júlí.
  - Nokkrir auglýstir sumarviðburðir féllu niður vegna anna eða sumarfría hjá stjórnendum klúbbsins.

### Formannafundur Mercedes-Benz klúbba í Stuttgart dagana 18.-20. október 2019

Daimler býður formönnum, eða „presidents“ eins og það heitir hjá þeim, einu sinni á ári til fundar í Stuttgart. Formaður klúbbsins þáði boðið og hitti fulltrúa yfir 50 klúbba á fundum þessa daga.



Tilgangur þessara funda er að stilla saman strengi klúbbana, fá þá til að samræma starf sitt stefnu Daimler, kynna nýjungar sem klúbbarnir geta nýtt sér og stuðla að innbyrðis kynningu formanna til eflingar á tengslum þeirra og þar með klúbbanna.

Fundurinn sjálfur var haldinn þann 19. október í Mercedes-Benz Museum í Stuttgart. Hér er annars stiklað á því helsta sem gert var þessa þrjá daga:

#### Dagur 1 – 18.10:

- Heimsókn til Mercedes-Benz Classic Center, sérstök kynning á T80 bílnum, verkstæðinu sem Benz er með á staðnum ásamt því að við fengum að skoða hluta “Holy halls” þar sem Mercedes-Benz á um 1137 bíla en aðeins hluti þeirra (um 150) er til sýnis í safninu.
- Fórum svo til Mercedes-AMG þar sem okkur var kynnt vélaframleiðsla þeirra á 8 cyl og 4 cyl vélum. Sérstök áhersla var lögð á nýtt framleiðsluferli 4 cyl vélanna.
- Þaðan var farið til HWA AG sem sinnir öllu því sem snýr að keppnishluta Mercedes-AMG (fyrir utan Formúlu 1) ásamt því að sjá um DTM lið Aston Martin. HWA er stofnað af Hans Werner Aufrecht (“A í AMG”) eftir að hann seldi AMG til Daimler og er í sömu götu (Benzstrasse) og AMG í Affalterbach

#### 2. dagur – 19.10

- Fundir og kynningar í ráðstefnuhluta Mercedes-Benz Museum
  - M.a. kynntar breytingar á útgáfu á Mercedes-Benz Classic Magazine. Það mun frá og með 2020 koma út tvisvar á ári í prentformi. Er þegar til rafrænt og hægt að sækja það frítt ef menn skoða það í gegnum sérstakt app fyrir Android og iOS.
  - Það gengur seint að virkja Xentry Portal kerfið fyrir félagsmenn. Nú þegar er búið að skrá um 5000 en þar af hafa 70% þeirra sem óskuðu aðgangi ekki skráð sig inn í kerfið ennþá. Skráning gengur hægt því að handskrá þarf hvern og einn inn í kerfið...
  - MB ítrekaði að ekki ætti að horfa á MB Classic og Xentry Portal sem eitthvað sem væri „innifalið í félagsaðild að MBClub“. Það væri alfarið ákvörðun Daimler AG að þetta væri í boði fyrir opinberu klúbbana nú en gæti breyst á morgun ef Daimler myndi ákveða það.
  - Kynntir voru væntanlegir viðburðir á árinu 2020 í Evrópu ásamt því að tveir klúbbar voru með áhugaverða kynningu, þ.m.t. Unimog Club China.

#### 3. dagur – 20.10

- G-Class sýningin í Mercedes-Benz Museum opnaði þennan dag og vorum við með þeim fyrstu til að sjá sýninguna undir leiðsögn starfsmanna Mercedes-Benz Museum.

Ofangreind skýrsla fjallar um þau helstu mál sem stjórn MBKÍ hefur unnið á tímabilinu.

F.h. stjórnar MBKÍ 2019  
Benedikt Hans Rúnarsson,  
formaður